

4

Unknown

From: Linda Jóhannsdóttir [linda@baugur.is]
Sent: 23. janúar 2001 14:46
To: tryggvi@baugur.is
Subject: RE: Innborgun í A Holding SA

Sæll TJ, ég skil ekki þessi skilaboð. JÁJ talar um að greiða þurfi um 150 milljónir á föstudag og hann mun reyna að redda þeim fjármunum. 3,1 millj.punda er ca. 380 milljónir. Eru þetta ekki sömu bréfin og við keyptum og ætlum að framselja til Lúx? Það sem við keyptum er einmitt 3,1 millj.punda og skuld ca.310 milljónir á gjalddaga 1/2/01.

Ég verð að hryggja þig með því að sjóður okkar er sprunginn og þá meina ég að ég get ekkert gert, eins valdalaus og ég er. Staðan er svona: Skammtímalán til 2/2 = -1,050 milljónir Áætluð staða í lok mánaðar á heftinu = -470 milljónir (heimild er 380) Skuld v/Arcadia á gjalddaga 1/2 = -310 milljónir

Áætluð staða þann 2/2, þegar skammtímalánin eru greidd, mun sjóður okkar vera -700 milljónir og enda í -1200 milljónum í lok febrúar!!!

Nú er það svart,
litla stúlkan með eldspýturnar

-----Original Message-----

From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: 23. janúar 2001 13:43
To: Jón Ásgeir Jóhannesson \ (E-mail) <jon.asgeir@baugur.is>
Subject: FW: Innborgun í A Holding SA

Greiðslufyrirmæli, með ekki miklum fyrirvara!
TJ

-----Original Message-----

From: Helgi Bergs Kaupþing hf [mailto:helgi@kaupthing.is]
Sent: 23. janúar 2001 12:52
To: 'tryggvi@baugur.is'
Subject: FW: Innborgun í A Holding SA

> Þið þurfið að leggja inn hjá Kaupthing Lux eftirfarandi upphæðir á
> föstudaginn:
>
> Baugur GBP 3.100.000
> Gaumur GBP 2.200.000
>
> Ég hef gert ráð fyrir að selja ykkur ofangreind GBP vinsamlegast látið
> mig vita ef þið ætlið að kaupa þau annarsstaðar.
>
> Kveðja,
> Helgi Bergs